

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 18. október 2022

Mál nr. E-1699/2021:

Srdan Stojanovic

(*Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður*)

gegn

Huga Jens Halldórssyni

(*Torfi Ragnar Sigurðsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 1. september 2022, var höfðað 1. júlí 2021, af Srdan Stojanovic, Pesnička 18, [...], gegn Huga Jens Halldórssyni, [...].

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að eftirfarandi ummæli stefnda, sem viðhöfð voru í hlaðvarpsþættinum The Mike Show, hinn 2. maí 2021, verði dæmd dauð og ómerk:

„... það hafi verið krísufundur klukkutíma fyrir leik þar sem upp hafi komist um veðmálasvindl hjá Þór Akureyri. Og ákveðinn leikmaður og ég held að það sé allt í lagi að ég nefni það bara að það hafi verið tekinn fundur með Srdan Stojanovic ... og þar hafi bara liðið komist að þessu“.

Þá krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur, eða lægri fjárhæð að mati dómsins, með vöxtum samkvæmt 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. maí 2021 til 17. maí 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst þess jafnframt að stefnda verði gert að greiða honum 300.000 krónur, eða lægri fjárhæð, til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsenda í dagblaði. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnanda en til vara að fjárkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi krafðist í upphafi frávísunar málsins frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði dómsins hinn 22. febrúar 2022.

I.

Helstu málsatvik

Stefnandi, sem er serbneskur ríkisborgari, er körfuknattleiksmaður að aðalstarfi og spilaði með körfuknattleikslíði Þórs Akureyri í úrvalsdeild karla, sem á þeim tíma gekk undir nafninu Dominos deildin, tímabilið 2020 til 2021. Stefndi var einn af fjórum stjórnendum hlaðvarpsins The Mike Show. Viðfangsefni hlaðvarpsins voru viðburðir í íþróttaheiminum, bæði hér á landi og erlendis, og var það gefið út á helstu streymisveitum allt fram til 27. september 2021, er síðasti þáttur þess fór í loftið.

Hinn 2. maí 2021 var gefinn út hlaðvarpsþáttur sem bar titilinn „Var í Max 2022, dæma Liverpool sigur og veðmálasvindl í Dominos?“. Í umræddum þætti var auk annars rætt um leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík í 20. umferð Dominos deildarinnar sem leikinn var sama dag og þátturinn var gefinn út og ágreiningslaust að ætlað veðmálasvindl bar á góma í tengslum við þá umræðu. Í framlagðri lýsingu á umræddum þætti á Facebook síðu hlaðvarpsins segir auk annars: „Krisufundur hjá Þór Ak fyrir leik gegn Njarðvík útaf mögulegu veðmálasvindli.“ Enn fremur er ágreiningslaust að stefndi nafngreindi stefnanda í tengslum við framangreinda umræðu og sagði að fundur hefði verið tekinn með honum fyrir leik. Ágreiningur stefndur hins vegar um það hvort umstefnd ummæli eru nákvæmlega rétt eftir stefnda höfð.

Í frétt sem birtist á vefsíðunni www.karfan.is næsta dag kemur fram að hávær orðrómur hafi farið af stað daginn áður þess efnis að stefnandi væri flæktur í veðmálasvindl er varðaði leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík í 20. umferð Dominos deildar karla. Þetta hafi að sjálfsögðu eins og svo oft sé með orðróma verið algjörlega óstaðfest en hafi þó verið á allra vörum fyrir leik og fram eftir degi. Þór Akureyri hafi tapað leiknum en stefnandi skilað nokkuð góðu framlagi, 17 stigum úr 12 skotum. Orðrómurinn hafi samt sem áður fengið að halda áfram eftir leik í hlaðvarpinu The Mike Show, þar sem talað hafi verið um að gengið hefði verið á stefnanda á fundi fyrir leik og hann inntur svara um það hugsanlega veðmálasvindl sem hann væri flæktur í. Þá er greint frá því að Þór Akureyri hafi sent frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem umræddum

ásökunum sé vísað á bug og efni yfirlýsingarinnar tekið upp. Þar segir meðal annars: „Að nafngreina og ásaka leikmann opinberlega í fjölmiðlum án þess að hafa fyrir sér nokkur sönnunargögn kallar á að viðkomandi einstaklingur muni leita réttar síns með tilliti til meiðyrðamáls enda ásökunin grafalvarleg og ætti ekki á nokkurn hátt að vera tekið léttvægt. Um leið og við fögnum umfjöllun um körfubolta þá viljum við að sjálfsögðu að fagmennsku sé gætt og slíkt verður ekki á nokkurn hátt hægt að segja að hafi verið raunin með ummælum Huga Halldórssonar í þættinum The Mike Show í gær. Félagið vísar þessum ásökunum algjörlega á bug og má við þetta bæta að enginn fundur átti sér stað fyrir leik með þeim leikmanni sem var nafngreindur, né öðrum leikmönnum.“

Sama dag birtist frétt á vefmiðlinum Vísi með fyrirsögninni „Hugi biður Stojanovic afsökunar“. Í þeirri frétt kemur fram að stefndi hafi beðist afsökunar á ummælum sem hann hafi látið falla í hlaðvarpsþættinum The Mike Show kvöldið áður. Þá kemur meðal annars fram að í þættinum The Mike Show hafi stefndi greint frá því að hann hefði heyrt sögusagnir af því að stefnandi hafi verið flæktur í veðmálasvindl og að fyrir leikinn hefði verið krísufundur þar sem þetta hafi verið rætt við hann. Í yfirlýsingu frá Þór Akureyri hafi þessum fullyrðingum stefnda verið vísað til föðurhúsanna. Félagið telji að ekki hafi verið maður í mysunni og segi að enginn fundur hafi átt sér stað fyrir leikinn. Loks kemur svo fram að stefndi hafi sent frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem hann biðjist afsökunar á ummælunum og efni umræddrar yfirlýsingar tekið upp. Þar segir orðrétt: „Til þeirra er málið varðar. Vegna fréttar karfan.is vil ég ítreka orð mín í þættinum The Mike Show að það er mín einlæga ósk sé einhver grunur um að eitthvað saknæmt hafi átt sér stað í leik Njarðvíkur og Þórs frá Akureyri verði það rannsakað af réttum aðilum. Orð mín í umræddum þætti á ekki að skilja á þann veg að verið væri að saka leikman[n] Þórs um veðmálasvindl heldur var átt við að fundur hefði verið tekinn með leikmanni Þórs Akureyri og ekkert hafi verið við frammistöðu hans að athuga. Einnig ítreka ég orð mín, sem féllu síðar í þættinum, að það er von mín að þessi orðrómur „sé eins mikill hestaskítur og hann hljómar“. Ég harma og biðst afsökunar á að hafa gefið í skyn að umræddur leikmaður hafi eitthvað saknæmt unnið og þannig verið dreginn inní þessa umræðu. Af þeim sökum bið ég Stradan [sic.] Stojanovic, kkd. Þórs og þá sem að honum og liðinu standa afsökunar. Því miður kemur reglulega upp hávær orðrómur um veðmálasvindl sem á ekkert skylt við íþróttir en sem betur fer hefur slíkur orðrómur ekki verið sannreyndur. Hins vegar ber að hafa augu og eyru opin við þessu meini sem er því miður stærri partur af íþróttum en fólk grunar. Virðingarfyllst, Hugi Halldórsson.“

Þá liggur frammi frétt sem birtist á vefmiðli í heimalandi stefnda hinn 5. maí 2021 ásamt íslenskri þýðingu. Fyrirsögn þeirrar fréttar er „Serbneskur körfuboltamaður sakaður um svindl í leik: Stojanovic afhjúpar fyrir Kurir hvað gerðist í umræddum leik“. Í fréttinni kemur í meginatriðum fram að stefndi, sem sé íslenskur íþróttagreinandi, hafi sakað stefnanda um að vera flæktur í svindl og bera ábyrgð á tapi Þórs Akureyri í leik liðsins á móti Njarðvík. Þá eru í fréttinni tilvitnanir í ummæli stefnanda um umræddan leik og viðkomandi umfjöllun um hann í hlaðvarpsþætti The Mike Show. Er þar meðal annars haft eftir stefnanda að stefndi hafi sagt að klukkutíma fyrir leikinn hafi stjórnendur Þórs Akureyri haldið fund með honum og fjórum öðrum erlendum leikmönnum til að ræða svindl og bætt því við að hann væri 100% viss um að stefnandi væri forsprakkinn í svindlinu og nafngreint hann. Þetta hafi verið í öllum fréttum á Íslandi mánudaginn eftir leikinn. Einnig er haft eftir honum að hann hafi strax gefið út yfirlýsingu og neitað þessum orðrómi. Félagið hafi stutt hann og staðfest að enginn fundur hafi átt sér stað, hvorki með honum né öðrum leikmönnum. Þá er haft eftir stefnanda að eftir að stefndi hafi heyrt að hann ætlaði að kæra hafi stefndi komið fram og sagst ekki hafa meint þetta og að hann hefði engar sannanir fyrir því sem hann hafi sagt.

Af framlögðum gögnum má ráða að í framhaldi af framangreindu hafi öll umfjöllun um umræddan leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík verið fjarlægð úr viðkomandi hlaðvarpsþætti The Mike Show en ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær það var gert. Frá því að það var gert hefur umræddur hlaðvarpsþáttur ekki verið aðgengilegur í upphaflegri útgáfu á streymisveitum.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 17. maí 2021, gerði stefnandi kröfu um að stefndi drægi ummælin til baka, bæði stefnanda fyrirvaralaust afsökunar skriflega og greiddi stefnanda annars vegar 2.000.000 króna í miskabætur og hins vegar 248.000 krónur í lögmannskostnað. Í umræddu bréfi eru þau ummæli sem dómkrafa stefnanda lýtur að höfð eftir stefnda og vísað til þess að stefndi beri á þeim ábyrgð að lögum hvort heldur sem er á grundvelli a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 eða almennra reglna sem og að þau feli í sér ærumeiðandi aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í niðurlagi bréfsins er stefnanda veittur viku frestur til að verða við framangreindum kröfum og tekið fram að stefnandi áskilji sér að þeim tíma liðnum rétt til málshöfðunar án frekari viðvörunar. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið að stefndi hafi brugðist við umræddu bréfi. Höfðaði stefnandi svo mál þetta sem fyrr greinir 1. júlí 2021.

II.

Helstu málsástæður stefnanda

Stefnandi krefst þess aðallega að hin umstefndu ummæli verði ómerkt og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 1.500.000 kr. með skaðabótavöxtum frá 2. maí 2021 til 17. maí 2021 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi byggir á því að stefndi beri sjálfur persónulega ábyrgð á ummælunum sem hann hafi viðhaft í útvarpsþætti hinn 2. maí 2021, sbr. a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla en byggt er á því að umræddur hlaðvarpsþáttur falli undir skilgreiningu 13. tl. 1. mgr. 2. gr. umræddra laga. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 50. gr. laganna beri sá einstaklingur ábyrgð á því sem hann tjái sig í eigin nafni, flytji eða miðli efni sem hann hafi sjálfur samið eða flytji efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun, sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Byggi stefnandi á því að stefndi beri ábyrgð á hinum umstefndu ummælum á grundvelli framangreindrar ábyrgðarreglu laga nr. 38/2011 sem fjalli um ábyrgð á hljóð- og myndefni og eigi við um hann. Til vara byggi stefnandi á því að stefndi beri ábyrgð á ummælunum eftir almennum reglum laga um sakar- og fébótaábyrgð. Talið hafi verið að í þeim tilvikum þegar um sé að ræða efni sem ekki eigi undir ábyrgðarreglur laga nr. 38/2011 gildi almennar reglur um sök og sakarábyrgð. Óumdeilt sé að stefndi hafi viðhaft ummælin og beri því sakar- og fébótaábyrgð sjálfur og persónulega, verði talið að hann beri ekki ábyrgð eftir 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla.

Stefnandi byggir á því að ummæli stefnda um stefnanda í hlaðvarpsþættinum hinn 2. maí 2021 hafi verið röng, særandi og ósmekklegr. Þau hafi verið til þess fallin að valda stefnanda álitshnekki og telji stefnandi að með þeim hafi verið gróflega vegið að æru hans, starfsheiðri og flekklausum ferli sem körfuknattleiksmaður og íþróttamaður almennt. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi gerst brotlegur gegn 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ummælin hafi falið í sér ásakanir í garð stefnanda um ólögsmæta og afar siðferðislega ámælisverða háttsemi og verið til þess fallin að verða honum til álitshnekkis á framangreindum vettvangi sem og persónulega. Þá telji stefnandi að með ummælunum hafi stefndi einnig gerst brotlegur gegn 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en stefndi hafi gegn betri vitund viðhaft ummælin um stefnanda.

Hin umþrættu ummæli feli í sér beina, og vitaskuld ósanna, ásökum um háttsemi sem varði við almenn hegningarlög nr. 19/1940 og eftir atvikum fleiri ákvæði laga. Í

ummælunum hafi falist ásökun um að stefnandi hefði verið viðriðinn veðmálasvindl. Í því hafi falist aðdróttun um að stefnandi væri viðriðinn athæfi sem sé bæði ólöglegt og siðferðislega ámælisvert og til þess fallið að skaða feril hans sem íþróttamanns og persónu hans. Í ásökun um veðmálasvindl felist það að leikmaður reyni að hafa áhrif á úrslit í kappleik sem hann eða aðrir hafi fjárhagslegan ávinning af, t.d. með viljandi slakri frammistöðu en stefnandi hafi verið lykilmáður í liði Þórs. Ef upp kæmist að leikmaður hefði tekið þátt í slíku athæfi þýði það ekki aðeins að viðkomandi missi starf sitt hjá viðkomandi íþróttafélagi heldur geti það þýtt að ekkert annað íþróttafélag kæri sig um að hafa leikmanninn í sínum röðum, honum sé ekki treystandi. Fullyrðing stefnda hafi því verið grafalvarleg og til þess fallin að hafa mjög neikvæðar afleiðingar fyrir stefnanda persónulega.

Stefnanda sé ekki kunnugt um það á hvaða upplýsingum stefndi hafi byggt fullyrðingu sína. Hitt sé ljóst að stefndi hafi engin gögn eða upplýsingar haft undir höndum sem rennt hafi getað stöðum undir hana og því mátt vera ljóst hversu glannalegt væri að setja svo alvarlega fullyrðingu fram. Þá liggi fyrir að ekkert hafi verið hæft í fullyrðingunni og stefnda raunar mátt vera það ljóst, ekki síst í ljósi þess að stefnandi hafi spilað mjög vel fyrir lið sitt í leiknum sem um hafi verið að ræða. Körfuknattleiksdeild Þórs hafi staðfest að enginn fundur hafi verið haldinn fyrir leik þar sem á góma hafi borið veðmálasvindl. Ummæli stefnda hafi því í besta falli verið slúður sem ekkert hafi verið hæft í og því mjög alvarlegt að stefndi skuli hafa sett fullyrðinguna fram. Tilgangur þess virðist hafa verið sá einn að auka hlustun á umræddan hlaðvarpsþátt á kostnað stefnanda.

Stefnanda sé mikilvægt að fá það staðfest með dómi að í ummælunum hafi falist ærumeiðandi aðdróttun sem rétt sé að dæma dauða og ómerkja þannig að staðfest verði að ummælin hafi verið tilhæfulaus, ekki síst í ljósi viðbragða stefnda sem gefið hafi í skyn í yfirlýsingu sinni að ummælin hefðu ekki verið með öllu tilhæfulaus og jafnvel réttlætunleg.

Byggi stefnandi á ákvæði 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hvað varði ómerkingu ummælanna en í ákvæðinu segi að í meiðyrðamáli megi dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert var við. Framangreindar málsástæður, saman og einar og sér, leiði ótvírætt til þess að ómerkja beri ummælin sem stefndi hafi viðhaft í hlaðvarpsþættinum The Mike Show hinn 2. maí 2021.

Stefnandi byggir á því að með ummælum stefnda hafi verið með alvarlegum hætti vegið að æru og heiðri stefnanda. Ummælin hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn æru stefnanda og hafi stefnandi orðið fyrir ónæði og aðkasti vegna þeirra og virðing hans beðið hnekki, auk þess sem þau hafi verið til þess fallin að skaða atvinnumöguleika hans sem körfuknattleiksmanns, bæði hjá núverandi félagsliði og framtíðarmöguleika hans til að spila fyrir önnur lið. Sé sérstaklega vísað til þess að ummælin hafi ratað í fjölmiðla í öðrum löndum. Stefnandi geri því þá kröfu að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.500.000 kr. í miskabætur með vöxtum í samræmi við það sem krafist sé. Byggi stefnandi á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem og 50. gr. laga nr. 38/2011 til stuðnings kröfu sinni um miskabætur úr hendi stefnda. Hafi stefndi ekki framið hina ólögmætu meingerð af ásetningi sé í það minnsta um stórfellt gáleysi hans að ræða.

Kröfu sína um að stefnda verði gert að greiða honum 300.000 krónur, eða lægri fjárhæð, til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsenda í dagblaði byggir stefnandi á 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem kveði á um að dæma megi hæfilegan kostnað til að standa straum af birtingu dóms og atriðsorða. Miðað sé við kostnað við birtingu í einu dagblaði.

Um lagarök vísar stefnandi framangreindu til viðbótar til 4., 8. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu kröfu sinni um vexti og dráttarvexti á miskabótakröfu til stuðnings. Um dráttarvexti vísar stefnandi enn fremur til 1. mgr. 6. gr. umræddra laga og um upphafstíma vaxta til 9. gr. sömu laga. Þá vísar stefnandi til þess að krafan beri dráttarvexti mánuði frá dagsetningu kröfubréfs í málinu, 17. maí 2021, en með kröfubréfinu hafi stefnandi lagt fram þær upplýsingar sem þörf hafi verið á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Kröfu sinni um málskostnað til stuðnings vísar stefnandi svo til 129. gr., sbr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og til stuðnings kröfu um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar til laga nr. 20/1988 um virðisaukaskatt.

III.

Helstu málsástæður stefnda

Stefndi mótmælir því að hlaðvarpið The Mike Show sé fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Líkt og fram komi í leiðbeiningum um skráningu hlaðvarpa hjá Fjölmiðlanefnd þá teljist ekki öll hlaðvörp sjálfkrafa til fjölmiðla í skilningi fjölmiðlalaga. Hlaðvörp þurfi í því tilliti að uppfylla tiltekin skilyrði laganna auk þess sem Fjölmiðlanefnd þurfi að meta hvert tilvik fyrir sig. Hlaðvarpið The Mike Show hafi ekki verið skráð sem fjölmiðill hjá Fjölmiðlanefnd og stefndi telur víst að hlaðvarpið uppfylli ekki þau skilyrði sem sett séu til að teljast fjölmiðill. Þar af leiðandi eigi ákvæði laga nr. 38/2011 ekki við um stefnda. Verði hins vegar litið svo á að hlaðvarpið teljist vera fjölmiðill í skilningi laga nr. 38/2011 byggi stefndi á því að hann sé ekki ábyrgur gagnvart stefnda vegna hinna umstefndu ummæla, enda sé aðeins um að ræða ábyrgð hans hafi hljóðmiðlunarefni brotið í bága við lög samkvæmt 1. mgr. 50. gr. laganna, sem hin umstefndu ummæli geri ekki að mati stefnda. Málalíbúnaður stefnanda byggi að meginstefnu til á almennum reglum skaðabótaréttar og þá sérstaklega sakarreglunni. Stefndi byggi jafnframt á því að skilyrði sakarreglunnar séu ekki uppfyllt og telji því að hafna beri kröfum stefnanda. Sönnunarbyrði um að skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt hvíli alfarið á stefnanda. Stefndi telji að allar sönnur skorti fyrir því að stefndi hafi viðhaft nokkra þá háttsemi sem talist geti verið saknæm og ólögmæt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að með ummælum sínum hafi stefndi ekki gerst sekur um brot á 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þannig að skilyrði séu til að dæma meint ummæli dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna eða taka aðrar kröfur stefnanda til greina. Stefndi mótmæli því að orð hans hafi mátt skilja á þann hátt að verið sé að saka stefnanda um veðmálasvindl heldur hafi stefndi átt við að fundur hefði verið tekinn með stefnda, sem leikmanni Þórs Akureyri, en ekkert hafi verið við hans frammistöðu að athuga í leiknum sjálfum. Þar af leiðandi hafni stefndi því að hin umstefndu ummæli hafi verið til þess fallin að valda stefnanda álitshnekki. Þá hafni stefndi því að með hinum umstefndu ummælum hafi verið dróttað að stefnanda með ólögmætum hætti og að í þeim hafi falist ólögmæt meingerð gegn æru stefnanda. Stefndi hafi þegar komið á framfæri skýringum á ummælum sínum með fullnægjandi hætti með opinberri afsökunarbeiðni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi sem lögvarin sé í 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Tjáningarfrelsið sé

einnig varið af 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi frá árinu 1966, sbr. lög nr. 10/1979. Tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar verndi ein mikilvægustu réttindi manna og brýnt að allar takmarkanir á því eigi sér skýra stoð í settum lögum og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem Ísland hafi gengist undir. Verði að skýra XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, með hliðsjón af þessu.

Með hinum meintu ummælum hafi stefndi ekki farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns, en allar takmarkanir á því beri að skýra þröngt. Í ummælum stefnda hafi þannig hvorki falist refsiverð aðdróttun né aðdróttun gegn betri vitund, sbr. 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Löggjafinn og dómstólar hafi játað einstaklingum verulegt svigrúm til tjáningarfrelsis, þar á meðal til almennrar umfjöllunar um menn og málefni.

Stefndi bendi á að í stefnu séu hin meintu ummæli túlkuð á versta mögulegan hátt. Stefndi byggir á því að ummælin geti ekki með nokkru móti verið einangruð með þeim hætti sem stefnandi geri í málatilbúnaði sínum og þannig dregin út úr þeirri umræðu sem átt hafi sér stað í kringum hin umstefndu ummæli. Þá geti stefndi ekki staðfest að hann hafi viðhaft nákvæmlega þau orð sem vísað sé til í stefnu. Í raun sé allur málatilbúnaður stefnanda því marki brenndur, að hin meintu ummæli séu tekin úr samhengi og því blákalt haldið fram að þau geti aðeins þýtt tiltekna hluti, en ekki aðra. Þá geri stefnandi lítið úr afsökunarbeiðni stefnda þar sem lokaorðum hans sé gefin önnur og meiri merking en raunverulega hafi búið þeim að baki. Slíkum málatilbúnaði sé vísað á bug. Þá geti stefndi ekki borið ábyrgð á því ef þjóðfélags- og fjölmiðlaumræða um þetta efni hafi verið neikvæð eða ónákvæm í garð stefnanda.

Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi verið leikmaður í efstu deild í körfuknattleik karla á Íslandi. Alvanalegt sé að bæði fjölmiðlar og almenningur tjái skoðanir sínar á frammistöðu liða í heild eða ákveðinna leikmanna. Stefndi sé í þeim skilningi opinber persóna og megi því vænta þess að fjallað sé um hann, og hans frammistöðu, á gagnrýninn hátt upp að vissu marki.

Með vísan til alls framangreinds byggir stefndi enn fremur á því að stefnandi hafi í raun enga lögvarða hagsmuni af því að fá umþrætt ummæli dæmd dauð og ómerk. Hin meintu ummæli hafi þegar verið leiðrétt, hlaðvarpsþátturinn hafi verið tekinn úr birtingu með vafalausum hætti og beðist hafi verið afsökunar. Ummæli sem ekki lengur standi

verði ekki dæmd dauð og ómerk. Stefndi telji málshöfðun stefnanda algerlega tilhæfulausa og að engin rök standi til þess að fallast á kröfu stefnanda um ómerkingu ummælanna sem um ræði. Með hliðsjón af öllu framangreindu sé því ekki tilefni til að ómerkja hin meintu ummæli stefnda og beri því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda þar um, ásamt öðrum dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi mótmælir því að hin umstefndu ummæli hafi með nokkru móti valdið stefnanda miska. Verði ómerkingarkrafa tekin til greina, hvort sem er í heild eða að hluta, krefjist stefndi sýknu af miskabótakröfu stefnanda. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að skilyrði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um að stefndi beri ábyrgð á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda ekki fullnægt. Að auki geri ákvæðið kröfu um ásetning eða hærri stig gáleysis, en þau skilyrði séu ekki uppfyllt, auk þess sem stefnandi hafi ekki sýnt fram á orsakasamband á milli hinna meintu umstefndu ummæla og hins meinta miska. Þá hafi stefnandi ekki fært fram nein haldbær rök eða gögn til sönnunar á miska sínum.

Stefndi byggir á því með hliðsjón af framangreindu að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hafa orðið fyrir þeim skaða á æru, starfsheiðri og starfsmöguleikum sem byggt sé á í stefnu vegna ummæla stefnda. Umræddur orðrómur sem vísað sé til í frétt Kjöfunnar hafi verið leiðréttur af hálfu körfuknattleiksdeildar Þórs og stefnda sjálfum innan við sólarhring eftir að hlaðvarpsþátturinn hafi farið í loftið. Þá hafi málið fengið töluverða athygli fjölmiðla og afsökunarbeiðni stefnda meðal annars verið birt á vefmiðlum Vísis og Kjöfunnar. Hin umþrættu ummæli geti því ekki hafa skaðað atvinnumöguleika stefnanda sem körfuknattleiksmanns hjá núverandi félagsliði hans né framtíðarmöguleika hans til að spila fyrir önnur lið, líkt og haldið sé fram í stefnu. Sé því allri umfjöllun um meintar afleiðingar sem ummæli stefnda eigi að hafa haft á stefnanda hafnað sem órökstuddum og ósönnuðum.

Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á það með nokkrum hætti að fjöldi fólks hafi hlustað á hlaðvarpsþáttinn og heyrt hin meintu ummæli, líkt og haldið sé fram í stefnu. Ekki liggi fyrir hversu margir hafi hlustað á þáttinn áður en umfjöllunin hafi veirið fjarlægð úr þættinum. Þá hafi þátturinn í heild sinni verið fjarlægður af öllum streymisveitum og samfélagsmiðlum. Með hliðsjón af framangreindu hafi stefndi ekki unnið stefnanda neinn miska í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Beri því að sýkna hann af dómkröfum stefnanda þess efnis.

Á sama grundvelli krefjast stefndi sýknu af kröfu stefnanda um stefnda verði gert að greiða honum umkrafða fjárhæð til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsenda í dagblaði, enda séu skilyrði 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki uppfyllt þar sem ekki sé um að ræða ærumeiðandi ummæli, með vísan til framangreindrar umfjöllunar. Verði hins vegar fallist á kröfur stefnanda í máli þessu byggja stefndi á því að krafa um greiðslu fjármuna vegna birtingar sé úr hófi. Miðað við umfjöllun fjölmiðla um mál þetta á fyrri stigum verði ekki séð að nein þörf sé á því að reiða af hendi fjármuni til þess að birta dóm eða dómsorð í þessu máli.

Til vara krefjast stefndi þess, ef ummælin verði ómerkt og talið verði að efni séu til að fallast á kröfu um miskabætur af öðrum ástæðum, að miskabótakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Krafa stefnanda sé úr hófi og enginn rökstuðningur að baki fjárhæðinni. Þar að auki krefjast stefndi þess til vara, verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda af fjárkröfu stefnanda vegna birtingar að fjárhæð þeirrar kröfu verði stórlega lækkuð, enda sé krafan úr hófi og með öllu ósannað að fjárhæðin sé í samræmi við væntan kostnað. Stefndi krefjast of hárrar fjárhæðar og engin þörf sé á að birta dóminn í heild sinni í dagblaði. Stefndi byggja varakröfu sína um lökkun á fjárkröfum stefnanda að öðru leyti á sömu málsástæðum og sýknukröfu, að breyttu breytanda.

Verði fallist á fjárkröfur stefnanda mótmæli stefndi öllum kröfum um vexti og dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Stefndi byggir á því að ekki sé efni til að reikna dráttarvexti fyrir en frá dómsuppsögu þar sem ekki verði ljóst fyrir en þá hvort stefndi eigi fjárkröfu á hendur stefnda.

Loks byggja stefndi kröfu sína um málskostnað á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr. Í ljósi kröfugerðar stefnanda hafi stefnda verið nauðsynlegt að taka til varna í málinu og þurft að leggja út í talsverðan kostnað í því sambandi. Um rökstuðning fyrir kröfunni sé vísað til allra framangreindra málsástæðna, sérstaklega þess að stefndi hafi þegar leiðrétt ónákvæmni í ummælum sínum innan eins dags frá því að þau hafi fallið, auk þess sem hlaðvarpsþátturinn hafi verið fjarlægður af öllum veitum. Með vísan til þess byggja stefndi á því að mál þetta hafi verið höfðað af þarflausu. Til stuðnings kröfu um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar vísast til laga nr. 20/1988 um virðisaukaskatt. Þá geri stefndi kröfu um að málskostnaður verði látinn niður falla, verði fallist á kröfur stefnanda.

IV.

Niðurstaða

A.

Í máli þessu er í fyrsta lagi krafist ómerkingar á tilgreindum ummælum stefnda í hlaðvarpsþættinum The Mike Show hinn 2. maí 2021. Hvorki liggur fyrir í málinu hljóðrit né endurrit af umræddum hlaðvarpsþætti en hann hefur verið fjarlægður af streymisveitum í heild auk þess sem öll umræða um umræddan leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík hafði áður verið fjarlægð úr þeirri útgáfu sem lengst af var aðgengileg. Hefur hvorugur málsaðila, þrátt fyrir áskoranir af hendi hins, þannig lagt fram af honum hljóðrit eða endurrit, hvorki í upphaflegri né breyttri útgáfu. Ágreiningur stendur um það hvort umstefnd ummæli eru nákvæmlega rétt eftir stefnda höfð. Fyrir liggur að í umræddum þætti var auk annars rætt um leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík í 20. umferð úrvalsdeildar karla í körfuknattleik sem leikinn var sama dag og þátturinn var gefinn út og ágreiningslaust að ætlað veðmálasvindl bar á góma í tengslum við þá umræðu. Í framlagðri lýsingu á umræddum þætti á Facebook síðu hlaðvarpsins segir auk annars: „Krisufundur hjá Þór Ak fyrir leik gegn Njarðvík útaf mögulegu veðmálasvindli.“ Aukinheldur er ágreiningslaust að stefndi nafngreindi stefnanda í tengslum við framangreinda umræðu og sagði að fundur hefði verið tekinn með honum fyrir leik. Enn fremur liggur frammi í málinu bréf frá stefnanda til stefnda, dagsett 17. maí 2021, þar sem umstefnd ummæli eru tilgreind með nákvæmlega sama hætti og í dómkröfu stefnanda. Í því bréfi kemur skýrt fram að stefndi megi vænta þess að mál verði höfðað ef hann verður ekki við þeim kröfum sem þar eru settar fram. Í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi kom fram að hann hefði mótttekið umrætt bréf. Þá bera framlögð gögn ekki með sér að stefndi hafi á þeim tíma borið brögður á að umstefnd ummæli væru nákvæmlega rétt eftir honum höfð í umræddu bréfi. Slíkt verður ekki heldur ráðið af aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi. Í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi kom fram að hann gæti ekki staðfest að umstefnd ummæli væru nákvæmlega rétt eftir honum höfð. Hann neitaði því hins vegar ekki að svo væri. Að öllu framansögðu gættu, sem og því að það stóð stefnda að mati dómsins nær að tryggja að hljóðrit eða endurrit af umræddum hlaðvarpsþætti yrði til reiðu ef til málsóknar kæmi teldi hann ónákvæmni gæta í tilgreiningu umræddra ummæla í áðurgreindu bréfi, verður lagt til grundvallar að umstefnd ummæli séu rétt eftir stefnda höfð.

B.

Stefnandi byggir á því að stefndi beri ábyrgð á umstefndum ummælum á grundvelli a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Samkvæmt 2. gr. umræddra laga gilda þau um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur sem hafa staðfestu á Íslandi og miðla efni handa almenningi hér á landi. Ábyrgð stefnda á umstefndum ummælum verður því eingöngu grundvölluð á framangreindri ábyrgðarreglu laga nr. 38/2011 ef hlaðvarpið The Mike Show telst fjölmiðill í skilningi þeirra laga. Samkvæmt 13. tölul. 2. gr. umræddra laga er fjölmiðill hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn og samkvæmt 35. tölul. sömu greinar felur ritstjórn í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er. Þótt hlaðvörp geti í eðli sínu talist fjölmiðlar í framangreindum skilningi hafa engar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja heildstætt mat á það hvort The Mike Show hafi fallið undir tilvitnaða skilgreiningu laganna verið lagðar fram í máli þessu. Þannig liggur til dæmis ekkert fyrir um það hvort einhver fjárhagslegur ávinningur var af miðlun efnis umrædds hlaðvarps sem samkvæmt framlögðum leiðbeiningum fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa er það atriði sem einna helst er horft til við mat á þessu leyti. Eins og mál þetta liggur fyrir er því ekki unnt að leggja til grundvallar að stefndi beri ábyrgð á umstefndum ummælum á grundvelli framangreindrar ábyrgðarreglu laga nr. 38/2011 eða að önnur ákvæði þeirra laga eigi við um hann. Verður því lagt til grundvallar að stefndi beri ábyrgð á umstefndum ummælum á grundvelli almennra reglna þar að lútandi.

C.

Stefnandi byggir á því að ummælin feli í sér ærumeiðandi aðdróttun í hans garð sem falli undir XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Beri því að dæma ummælin dauð og ómerk samkvæmt 241. gr. sömu laga. Stefnandi byggir á því að ummælin njóti verndar tjáningarfrelsisákvæðis 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, og að ekki séu uppfyllt skilyrði til takmarkana. Um frásögn af orðrómi hafi verið að ræða en ekki staðhæfingu um staðreynd og allur málatilbúnaður stefnanda því marki brenndur að umstefnd ummæli eru slitin úr sambengi og túlkuð á versta mögulega veg. Þá hafi stefnandi á þeim tíma sem ummælin féllu verið leikmaður í úrvalsdeild kröfuknattleiks karla hér á landi og í því opinber persóna sem þurfi að þola að um hann og hans frammistöðu sé fjallað opinberlega á gagnrýnin hátt. Loks hafi stefndi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn um framangreinda kröfu þar sem umræddur

hlaðvarpsþáttur sé ekki lengur aðgengilegur á streymisveitum auk þess sem stefndi hafi beðið hann opinberlega afsökunar. Samkvæmt þessu vegast á réttur stefnanda til æruverndar, sem er þáttur í friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og réttur stefnanda til tjáningarfrelsis sem heimilt er að takmarka vegna réttinda annarra enda teljist það nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Við úrlausn um það hvort ummæli stefnda teljist ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga verður samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu meðal annars að líta til þess samhengis sem ummælin voru sett fram í og meta þau heildstætt. Þá þarf að taka afstöðu til þess hvort í tjáningunni hafi falist gildisdómur eða staðhæfing um tiltekna staðreynd, sem og hvort ummælin hafi átt sér stoð í gögnum eða falið í sér endursögn og stefndi verið í góðri trú um réttmæti þeirra. Meðal annarra atriða sem geta haft þýðingu er tilgangur stefnda með ummælunum, svo sem hvort þau hafi verið innlegg í þjóðfélagsumræðu og snúið að málefni sem varðaði almenning.

Líkt og rakið hefur verið liggur ekki fyrir hljóðrit eða endurrit af þeim hlaðvarpsþætti sem umstefnd ummæli féllu í. Af framlögðum gögnum og skýrslutökum fyrir dómi verður hins vegar ótvírætt ráðið að í umræddum þætti var til umræðu að orðrómur væri á kreiki um ætlað veðmálsvindl í úrvalsdeild karla í körfuknattleik og að umstefnd ummæli hafi fallið í tengslum við þá umræðu. Liggur það samhengi sem ummælin voru sett fram í því að mati dómsins nægilega ljóst fyrir svo meta megi þau heildstætt. Þannig segir meðal annars í framlagðri frétt af vefsíðunni www.karfan.is sem birt var daginn eftir að umræddur þáttur var gefinn út að hávær orðrómur hafi farið af stað daginn áður þess efnis að stefnandi væri flæktur í veðmálasvindl er varðaði leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík í 20. umferð Dominos deildar karla. Þetta hafi að sjálfsögðu eins og svo oft sé með orðróma verið algjörlega óstaðfest en hafi þó verið á allra vörum fyrir leik og fram eftir degi. Þór Akureyri hafi tapað leiknum en stefnandi skilað nokkuð góðu framlagi, 17 stigum úr 12 skotum. Orðrómurinn hafi samt sem áður fengið að halda áfram eftir leik í hlaðvarpinu The Mike Show, þar sem talað hafi verið um að gengið hefði verið á stefnanda á fundi fyrir leik og hann inntur svara um það hugsanlega veðmálasvindl sem hann væri flæktur í. Verður því að leggja til grundvallar að stefndi hafi í framangreindu samhengi greint frá því að sá orðrómur væri á kreiki að „það hafi verið krísufundur fyrir leik þar sem upp hafi komist um veðmálasvindl hjá Þór Akureyri“ og að „það hafi verið

tekinn fundur með [stefnanda] ... og þar hafi liðið bara komist að þessu“. Að mati dómsins verða þessi ummæli með hliðsjón af framangreindu samhengi ekki skilin á annan veg en að með þeim sé staðhæft að uppi sé orðrómur um ætlað veðmálasvindl stefnanda í tengslum við umræddan leik. Þó svo að stefndi hafi líkt og fram kemur í framlagðri yfirlýsingu sem hann sendi frá sér daginn eftir að umræddur þáttur fór í loftið tekið fram að hann vonaði að framangreindur orðrómur væri „eins mikill hestaskítur og hann hljómar“ bera umrædd ummæli að mati dómsins því fremur einkenni staðhæfinga um staðreyndir en gildisdóma. Hvað sem því líður skal tekið fram að gildisdómar sem eru ærumeiðandi, svo sem þeir sem tengjast ávirðingum um refsiverða háttsemi, þurfa jafnframt að eiga sér viðhlítandi stoð í staðreyndum máls eða gögnum sem veita vísbendingu um sannleiksgildi þeirra, sbr. til hliðsjónar dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 7. nóvember 2017 í máli Egils Egilssonar gegn Íslandi, 52. mgr.

Í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi kom fram að um miðjan dag hinn 2. maí 2021 hefði farið af stað orðrómur um að eitthvað „ósiðlegt eða ólöglegt“ mundi hugsanlega eiga sér stað í leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík sem leika hefði átt síðar sama dag. Einhver hefði sett eitthvað slíkt inn á vefsíðuna „Dominos spjallið“. Hann hefði því ákveðið að taka umræðu um þennan orðróm í þættinum sem tekinn hefði verið upp þennan sama dag. Stefnandi hefði ekki verið sérstaklega nafngreindur í umræðunni á vefsíðunni „Dominos spjallið“ en það hefði samt verið um það talað í smærri hópum að rætt hefði verið við hann fyrir leikinn. Þær upplýsingar hefði hann fengið símleiðis en muni ekki nákvæmlega hvenær eða frá hverjum. Umræðan í þættinum hefði því verið um þennan orðróm og hann hefði tekið fram eftir að hafa kíkt á tölurnar úr leiknum sem hefði verið að ljúka á sama tíma og þátturinn hefði verið tekinn upp að ekkert hefði verið við frammistöðu stefnanda í leiknum að athuga. Þá kom afdráttarlaust fram að hann hefði hvorki haft samband við stefnanda né forsvarsmenn Þórs Akureyri eða aðra sem kynnu að búa yfir vitneskju þar um til að kanna hvort fundur hefði í reynd verið tekinn með stefnanda fyrir umræddan leik vegna ætlaðs veðmálasvindls í tengslum við hann enda hefði umræðan lotið að því að orðrómur væri uppi þar að lútandi og hann hefði tekið skýrt fram að hann vonaði að sá orðrómur ætti ekki við rök að styðjast.

Fallist er á að almenn umræða um orðróm um ætlað veðmálasvindl tengt íþróttakappleikjum eigi erindi til almennings og teljist hluti af þjóðfélagsumræðu. Við mat á þeim ummælum stefnda, sem krafist er ómerkingar á, verður hins vegar að horfa til þess að með þeim var stefnandi einn nafngreindur í tengslum við slíka umræðu og

verða umrædd ummæli samkvæmt framansögðu að mati dómsins ekki skilinn á annan veg en að með þeim sé staðhæft að uppi sé orðrómur um ætlað veðmálasvindl stefnanda í tengslum við leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík. Var umræðan því ekki eingöngu almenn líkt og stefndi hefur haldið fram. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið haldið fram að umræddur orðrómur hafi átt við rök að styðjast og í reynd ágreiningslaust að svo var ekki. Stefndi hefur hins vegar haldið því fram að hann hafi verið í góðri trú enda hafi umræddur orðrómur vissulega verið uppi og með umstefndum ummælum hafi einungis verið greint frá því að svo væri. Hvað þetta varðar er til þess að líta að nafn stefnanda hafði samkvæmt framlögðum gögnum og því sem fram kom í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi ekki verið nefnt opinberlega í tengslum við umræddan orðróm þegar stefndi gerði það heldur var það að sögn stefnda rætt í smærri hópum og hann hefði fengið upplýsingar þar um símleiðis. Ef nafngreina á tiltekinn íþróttamann opinberlega í tengslum við umræðu um orðróm um ætlað veðmálasvindl í íþróttakappleikjum verður að mati dómsins að gera þá kröfu að kannað sé eins og kostur er áður en það er gert hvort sá orðrómur eigi við rök að styðjast enda ávirðing um að vera á einhvern hátt viðriðin slíkt veðmálasvindl ótvírætt til þess fallinn að valda viðkomandi íþróttamanni verulegum álitshnekki, sbr. til hliðsjónar dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 16. apríl 2015 í máli Armellini og fleiri gegn Austurríki, mgr. 45. Að mati dómsins á sú krafa jafnt við þótt tekið sé fram að um orðróm sé að ræða enda verður tilvísun til þess ekki skilin á annan hátt en að um eitthvað sem á margra vörum sé að ræða og þar með jafnvel enn frekar til þess fallin að auka áreiðanleika upplýsinganna í huga áheyrandans. Þá getur það ekki leyst stefnda undan þeirri ábyrgð sem hann ber að lögum á þeim ummælum sem hann lætur falla opinberlega þótt hann taki fram að hann bindi vonir við að þau séu ekki sönn. Svo sem samkvæmt framansögðu kom fram í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi gerði hann enga tilraun til að kanna réttmæti þeirra upplýsinga að stefnandi hefði verið kallaður á fund fyrir leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík í tengslum við ætlað veðmálasvindl. Þá gaf hann enga haldbæra skýringu á því hvers vegna það var ekki gert. Verður því ekki talið að stefndi hafi búið yfir vitneskju sem gat með réttu gefið honum tilefni til að láta ummælin falla. Þá verður ekki á það fallist með stefnda að sú staðreynd að stefnandi var leikmaður í úrvalsdeild karla í körfuknattleik og þurfi því að þola að fjallað sé opinberlega um frammistöðu hans á gagnrýninn hátt hafi þýðingu með hliðsjón af efni ummælanna.

Að öllu framangreindu virtu telur dómurinn að með umstefndum ummælum hafi stefndi gengið lengra en tjáningarfrelsi hans heimilar honum og brotið gegn rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs og æruverndar. Sé litið heildstætt til efnis þeirra umæla sem um ræðir og þess samhengis sem þau voru sett fram í fólu þau í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Verður því fallist á kröfu stefnanda um að ummælin verði ómerkt samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Í því sambandi skal tekið fram að jafnvel þótt sá hlaðvarpsþáttur sem þau féllu í sé ekki lengur aðgengilegur á streymisveitum kemur það ekki í veg fyrir að stefnandi hafi lögvarða hagsmuni af ómerkingu þeirra með dómi.

D.

Stefnandi styður kröfu sína um miskabætur við b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram að hann hafi orðið fyrir miska. Umræddur orðrómur hafi verið leiðréttur strax daginn eftir að viðkomandi hlaðvarpsþáttur var gefinn út og stefndi beðið stefnanda opinberlega afsökunar.

Fyrir liggur að stefndi bað stefnanda opinberlega afsökunar á því að „hafa gefið í skyn“ að hann hefði „eitthvað saknæmt unnið og þannig verið dreginn inn í þessa umræðu“ eftir að körfuknattleiksdeild Þórs Akureyri sendi frá sér yfirlýsingu um að þessi orðrómur ætti ekki við nokkur rök að styðjast. Þá var öll umræða um umræddan leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík í framhaldinu fjarlægð úr viðkomandi hlaðvarpsþætti en ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær það var gert. Hann var því í öllu falli aðgengilegur í upphaflegri útgáfu á streymisveitum í sólarhring og jafnvel lengur. Í dómaframkvæmd hefur verið talið, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 24. janúar 2013 í máli nr. 383/2012, að leiðrétting rangra ummæla og afsökunarbeiðni þess sem þau viðhafði eigi eftir atvikum að hafa áhrif á bótaábyrgð þess sem í hlut á. Líkt og að framan er rakið kom fram í aðilaskýrslu stefnda fyrir dómi að hann hefði byggt ummælin á upplýsingum sem hann fékk símleiðis um að umræddur orðrómur gengi í smærri hópum. Hann hefði hins vegar ekki gert neina tilraun til að kanna réttmæti þeirra upplýsinga og gaf hann enga haldbæra skýringu á því hvers vegna það var ekki gert. Þá verða ummælin eins og þau voru sett fram líkt og áður greinir ekki réttlætt með vísan til þess að um eðlilegt framlag til opinberrar þjóðfélagsumræðu sem eigi erindi til almennings hafi verið að ræða. Verður því ekki talið að afsökunarbeiðni stefnda eða sú staðreynd að umfjöllun um umræddan leik var í framhaldinu fjarlægð úr viðkomandi hlaðvarpsþætti firri stefnda bótaábyrgð

eins og atvikum var háttað, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 7. nóvember 2013 í máli nr. 200/2013.

Að virtri niðurstöðu dómsins um að stefndi hafi haft uppi ærumeiðandi aðdróttun og þar með brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda verður fallist á að hann eigi rétt til miskabóta úr hendi stefnanda. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi lýsti stefnandi þeim áhrifum sem ummæli stefnda hefðu haft á líðan hans og atvinnumöguleika. Fram kom að hann hefði orðið þunglyndur, fólk hefði snúið við honum baki og orðstír hans beðið hnekki. Þá hefði hann ekki fengið nein atvinnutilboð eftir að viðkomandi leiktímabili lauk enda hefðu fréttir af málinu borist víða líkt og framlögð frétt sem birtist á vefmiðli í heimalandi stefnda beri vott um. Ekki liggja fyrir gögn um áhrif ummælanna á stefnanda, en dómurinn telur allt að einu nægilega sýnt fram á að hin ærumeiðandi staðhæfing um að uppi væri orðrómur um ætlað veðmálasvindl stefnanda í tengslum við umræddan leik hafi valdið honum miska. Að öllu þessu virtu, þar með talið áðurgreindri yfirlýsingu Þórs Akureyri daginn eftir að umræddur hlaðvarpsþáttur var gefinn út, afsökunarbeiðni stefnda og því að öll umræða um viðkomandi leik Þórs Akureyri gegn Njarðvík var í framhaldinu fjarlægð úr umræddum hlaðvarpsþætti, sem og með hliðsjón af dómaframkvæmd, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Fallist er á að fjárhæðin beri vexti samkvæmt 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. maí 2021, sbr. 1. mgr. 8. gr. sömu laga, til 1. ágúst 2021 þegar mánuður var liðinn frá birtingu stefnu og dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. umræddra laga, sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi styður kröfu sína um að stefndi greiði honum 300.000 krónur, eða lægri fjárhæð, til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendna í einu dagblaði við 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Fjárhæð umræddrar kröfu stefnanda er með öllu órökstudd og engin gögn hafa verið lögð fram um það hver raunverulegur kostnaður við slíka birtingu er. Verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af umræddri kröfu stefnanda.

Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eins og mál þetta er vaxið hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu hans var fyrirmæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 gætt.

Dómsorð:

Eftirfarandi ummæli sem stefndi, Hugji Jens Halldórsson, lét falla í hlaðvarpsþættinum The Mike Show, hinn 2. maí 2021, eru ómerkt:

„... það hafi verið krísufundur klukkutíma fyrir leik þar sem upp hafi komist um veðmálasvindl hjá Þór Akureyri. Og ákveðinn leikmaður og ég held að það sé allt í lagi að ég nefni það bara að það hafi verið tekinn fundur með Srdan Stojanovic ... og þar hafi bara liðið komist að þessu“.

Stefndi greiði stefnanda, Srdan Stojanovic, 150.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. maí 2021 til 1. ágúst 2021 og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi er sýknaður af kröfu stefnanda um að honum verði gert að greiða stefnanda 300.000 krónur, eða lægri fjárhæð, til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsenda í dagblaði.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Hulda Árnadóttir